

## 101-A/00 - Bv. Freri RE-72

Freri RE-72, skipverji slasast þegar verið er að snörla belginn

### Bv. Freri RE-72

**Skipaskr.nr.:** 1345

**Smíðaður:** á Spáni 1973 úr stáli

**Stærð:** 895,69 brl; 1.327,00 bt

**Lengd:** 68,66 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

**Vél:** MAN 2.060,00 kW **Árgerð:** 1973

**Annað:**

**Földi skipverja:** 27



Freri ©Jón Sigurðsson

### Atvikalýsing

Hinn 14. október 2000 var bv. Freri RE-72 að veiðum austan við Víkurál. Veður: norðaustan 7-8 vindstig.

Skipverjar voru að hífa inn veiðarfæri og var verið að snörla inn belginn. Stroffa hafði verið sett á belginn og þegar híft var í skreið hún til á belgnum. Einn skipverja hljóp til og lagði hönd á stroffuna til að halda við og hindra tildráttinn. Ekki vildi betur til en svo að skipverjinn varð með hendi á milli og klemmdist illa.

Skipverjinn fékk aðhlyningu um borð og var veiðarfæri tekið inn fyrir og skipinu siglt til hafnar á Ísafirði. Var hafnsögubáturinn á Ísafirði fenginn til að koma út til móts við bv. Frera RE-72 og sækja hinn slasaða.

Eftir að hinn slasaði hafði verið fluttur yfir í hafnsögubátinn vildi ekki betur til en svo að hafnsögubáturinn rakst all harkalega í bv. Frera RE-72 svo að skemmdir urðu á skipunum, sjá mál 101-B-00. Við áreksturinn kastaðist hinn slasaði til en kenndi sér ekki meins líklega vegna deyfilyfja sem honum hafði verið gefið.

### Við rannsókn kom fram

- að skipstjóri sagðist hafa kallað til skipverjans og bannað honum að koma nálægt á meðan híft væri en skipverjinn hafi ekki heyrt það vegna veðurnýs;
- að hinn slasaði sagðist hafa haldið við stroffuna þegar hann slasaðist.

### Nefndarálit

Nefndin telur að orsök slyssins sé óaðgæsla við að reyna að hindra tildráttinn á stroffunni. Einnig hafi það verið óaðgæsla við hífingu að stöðva ekki vinduna þegar í stað er ljóst var að maðurinn fór að því sem verið var að hífa.